

# FJÖLBRAUTASKÓLINN VIÐ ÁRMÚLA



Kennslumat á enskuáföngum fjarnáms

Haustönn 2021



Kennslumat í fjarnámi á haustönn 2021 var framkvæmt dagana 20. október - 2. nóvember og að þessu sinni voru metnir fjarnámsáfangar í ensku. Matið var nú aðra önnina í röð framkvæmt í gegnum „SurveySparrow“ hugbúnaðinn sem var keyptur af skólanum til notkunar í þessum tilgangi. Í dagskóla eru slíkar kannanir framkvæmdar í INNU en það hentar síður í fjarnáminu þar sem margir nemendur þess eru óvanir að nota INNUNA. Með SurveySparrow er hægt að senda nemendum slóð hvort heldur sem er í tölvupósti eða eins og við gerum – í gegnum Moodle.

Kennslumatið var lagt fyrir alla þá 345 nemendur sem eru skráðir í fjarnám í ensku á þessari önn. Svör bárust frá alls 146 nemendum eða 42% skráðra nemenda. Þess ber þó að geta að virkir nemendur þá daga sem könnunin stóð yfir voru 259 og af þeim svöruði því 56%. Í töflunni hér fyrir neðan má sjá hvernig þessi 146 svör skiptust milli enskuáfanga.

Hópur	Svör	Virkir nemendur 2.11	Hlutfall af virkum nemendum 2.11	Skráðir nemendur í annarbyrjun	Hlutfall af skráðum nemendum í annarbyrjun
ENSK1GR05	32	36	89%	48	67%
ENSK2EH05	8	8	100%	8	100%
ENSK2LO05	43	90	48%	112	38%
ENSK2OB05	26	54	48%	65	40%
ENSK3SA05	19	38	50%	51	37%
ENSK3RO05	18	33	55%	61	30%
<b>Alls</b>	<b>146</b>	<b>259</b>	<b>56%</b>	<b>345</b>	<b>42%</b>

Hægt gengur að auka svörun í kennslumati en þegar samsvarandi könnun var framkvæmd á vorönn (fyrir fjarnámsáfanga í íslensku) var heildasvarhlutfall miðað við skráða nemendur 36% en er nú 42%. Hlutfall af virkum nemendum var 43% í vor en er nú 56%. Þannig að vissulega þokast hlutfallstölurnar upp á við og er vonandi að svo verði áfram. Fyrirhugað er að halda áfram á þessari braut og meta tvær, þrjár greinar á hverri önn.

### Framkvæmd könnunar

Eins og fyrr segir var könnunin framkvæmd með notkun hugbúnaðarins SurveySparrow. Notast var við sömu spurningar og síðast og eins og þá var slóð á könnunina límd inn í viðeigandi Moodle áfanga. Allir fjarnemendur í ensku fengu síðan

póst frá fjarnámstjóra þar sem könnunin var kynnt og síðan var þeim aftur send ítrekun þegar vika var liðin af tímanum.


Ekki var spurt um bakgrunnsbreytur en athyglisvert væri að fá aldursdreifingu þátttakenda næst og sömuleiðis gæti verið áhugavert að vita hvort þeir eru nemendur í dagskóla og þá hvaða skólástigi.

## Niðurstöður

Hér á eftir fara svör þátttakenda við einstökum spurningum.


### Námsáætlun áfangans er skýr

Mjög sammála	55	38%
Frekar sammála	77	53%
Frekar ósammála	11	8%
Mjög ósammála	3	2%




### Áfanginn er vel skipulagður

Mjög sammála	58	40%
Frekar sammála	74	51%
Frekar ósammála	12	8%
Mjög ósammála	2	1%




### Gagnvirk próf og verkefni auðvelda mér að fylgjast með námsframvindu minni

Mjög sammála	52	36%
Frekar sammála	72	49%
Frekar ósammála	13	9%
Mjög ósammála	1	1%
Veit ekki /vil ekki svara	8	5%




### Kennarinn svarar fyrirspurnum fljótt og greiðlega

Mjög sammála	53	36%
Frekar sammála	54	37%
Frekar ósammála	7	5%
Mjög ósammála	4	3%
Veit ekki /vil ekki svara	28	19%




### Kennarinn skilar verkefnum fljótt

Mjög sammála	42	29%
Frekar sammála	68	47%
Frekar ósammála	19	13%
Mjög ósammála	2	1%
Veit ekki /vil ekki svara	15	10%




### Kennarinn skilar verkefnum með leiðbeiningum og góðum athugasemdum

Mjög sammála	49	34%
Frekar sammála	65	45%
Frekar ósammála	8	5%
Mjög ósammála	2	1%
Veit ekki /vil ekki svara	22	15%




### Ég er almennt ánægð/ur með áfangann

Mjög sammála	68	47%
Frekar sammála	69	47%
Frekar ósammála	5	3%
Mjög ósammála	3	2%
Veit ekki /vil ekki svara	1	1%



### Ég mæli hiklaust með fjarnámi FÁ við aðra nemendur

Mjög sammála	73	50%
Frekar sammála	64	44%
Frekar ósammála	2	1%
Mjög ósammála	1	1%
Veit ekki /vil ekki svara	6	4%



## Umræður


Spurningarnar skiptast í þrjá flokka þar sem fyrsti flokkurinn snýr að áfanganum, nemendaviðmóti og skipulagi: *Námsáætlun áfangans er skýr, áfanginn er vel skipulagður og gagnvirk próf og verkefni auðvelda mér að fylgjast með námsframvindu minni.* Yfir 90% nemenda eru mjög eða frekar sammála tveimur fyrri fullyrðingunum og 85% þeirri þriðju. Lægra skor á þeirri spurningu sem fjallar um gagnvirk próf og

verkefni má ef til vill skýra með því að ekki er allstaðar gagnvirk próf/verkefni eftir hverja námslotu. Þannig segja 5% svarenda: Veit ekki vil ekki svara. Þetta ættu kennarar að hafa í huga þegar þeir skoða niðurstöður sinna hópa.

Næstu staðhæfingar snúa að kennaranum og kennslunni: *Kennarinn svarar fyrirspurnum fljótt og greiðlega, kennarinn skilar verkefnum fljótt og kennarinn skilar verkefnum með leiðbeiningum og góðum athugasemdum.* Þegar viðbrögð við þeim eru skoðuð sést að hér eru tækifæri til úrbóta. Það eru ekki „nema“ 73% sem eru frekar eða mjög sammála því að kennari svari fyrirspurnum fljótt og greiðlega. Hér ber þess að geta að fjarnámskennurum ber að svara öllum fyrirspurnum innan tveggja virkra daga þannig að hér á ekki að vera neitt svigrúm til að svara seint. Það er reyndar ekki alveg ljóst hvort nemendur vita af þessari reglu og séu ef til vill með strangari tímamörk í huga þegar þeir svara þessari spurningu. Sömuleiðis þarf að leggja áherslu á að kennarar svari með leiðbeinandi athugasemdum því í fjarnámi er það oft eitt það mikilvægasta sem nemendur hafa að styðjast við þegar þeir skila næstu verkefnum eða undibúa sig fyrir lokapróf.

Síðustu tvær fullyrðingarnar snúa að almennri ánægju þátttakenda með áfangann. Þar eru niðurstöður eins og best er hægt að hugsa sér: 94% nemenda segjast frekar eða mjög sammála fullyrðingunum tveimur þar sem þeir lýsa yfir almennri ánægju með áfangann og því að þeir geti hiklaust mælt með fjarnáminu við aðra nemendur. Því ber að fagna.

Loks voru þátttakendur beðnir um að gefa áfanganum einkunn á skalanum 1 - 10. Niðurstöður má sjá á meðfylgjandi mynd.



Flestir gefa einkunnina 8 og 8 er einnig miðgildi talnasafnsins sem og meðaleinkunn ef reiknað er með einum aukastaf (7,96).

<b>Einkunn</b>	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10
<b>Fjöldi</b>	1	0	0	2	2	7	35	53	28	18

## Raddir nemenda

Eins og í fyrri könnunum var þátttakendum gefinn kostur á að tjá sig með eigin orðum í tveimur opnum spurningum. Það hugsanlega sá þáttur sem segir kennurum hvað mest um álit nemenda hvað sem öllum skífuritum og töflum líður. [Í viðauka](#) má sjá öll svörin.

Í fyrri spurningunni voru þeir beðnir um að segja hvað þeim þætti best við áfangann þá stóð skipulagið upp sem sigurvegari:

- Áfanginn er vel skipulagður, staðið er við námsáætlunina og dagsetningar á verkefnum og prófum
- Skipulagið er gott og ég veit alltaf hvað ég á að gera
- Mér finnst hann vel skipulagður og ég er aldrei hrædd um að missa af neinu

Nokkrir nefndu frelsið til að vinna á eigin hraða og geta ráðið tíma sínum sjálfir:

- Að ég get ráðið hvenær ég læri og þarf bara að gera það fyrir einhvern ákveðinn dag
- Ég get gert námsefnið þar sem ég vil
- Independent study time

Viðmót kennara var nefnt:

- Kennarinn er skilvirkur og hlýr
- Kennarinn er fljótur að svara fyrirspurnum
- Bara mjög vel upp settur áfangi og flottur kennari

Loks kom orðið skemmtilegur fyrir hjá nokkrum svarenda:

- Skemmtileg námsáætlun og skemmtilegir nemendur
- Skemmtilegu umræðuefnin
- Skemmtilegt námsefni

Seinni opna spurningin var um hvað betur mætti fara í áfanganum. Þar voru líka fjölbreytt svör og þar er skipulag aftur ofarlega í hugum þátttakenda:

- Skipulagið er flókið
- Skipuleggja hann betur



- Finnst verkefni vera út um allt á moodle ekki nógu skipulagt hvenær a að skila hverju i námsaætlun, erfitt að skipuleggja sig

Próftími og dagsetningar skilaverkefna eru líka meðal þess þeir nefna:

- Lengri tími fyrir próf
- Það mættu vera betri dagsetningar fyrir sum próf
- Fljótari einkunnir og lengri tíma í próf
- Skiladagar á discussions eru mjög óskýrir

Nokkrir vilja minnka/ breyta námsefni, stytta áætlun og velja efnið sjálfir:

- Það mæti hafa nýrri vinnubók
- Minna efni
- Að við mættum velja bókinni.
- Það mætti stytta vikuáætlun þínu

Nokkrir kvarta yfir Moodle:

- Kann ekki að hafa samband við kennara á Moodle og mér finnst illa haldið utan um nemendur.
- Það tók mig smá tíma að læra á Moodle og skilja hvernig allt er sett upp en annars er allt flott
- Finnst yfir höfuð vera óreiða á uppsetningu gagna inni í Moodle. Orkufrekt að setja sig inní mismunandi leiðir kennara á uppsetningu gagna og strúktúr í kerfinu

En margir hafa ekkert neikvætt að segja – síður en svo:

- Allt er æðislegt
- Ég held að það þurfi ekki að bæta neitt

## Lokaorð

Þegar þessar niðurstöður eru skoðaðar er mikilvægt að hafa í huga að hér er aðeins verið að meta enskuáfangu og ekki er hægt að álykta um allt fjarnám út frá þessum gögnum. Það er því mikilvægt að halda áfram að safna slíkum gögnum og verður gert. Á síðustu önn var íslenskufjarnámið metið og fyrirhugað er að velja eina grein til viðbótar á þessari önn og leggja fyrir mat. Þegar nokkrar slíkar kannanir liggja fyrir verður kominn grunnur til samanburðar og samtals milli kennara faggreina og fjarnámstjóra.

Kannanir sem þessar eru mjög mikilvægar fyrir allt skólastarf. Í fyrsta lagi eru þær mikilvægar fyrir kennarana. Niðurstöðurnar veita þeim vitneskju um viðhorf

nemenda og óskir þeirra um úrbætur. Í öðru lagi eru þær vettvangur fyrir nemendur til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og því er mikilvægt að þeir sjái að niðurstöðurnar eru notaðar til að bæta og breyta. Síðast en ekki síst er kennslumat mikilvægt fyrir stjórnendur sem fá upplýsingar um styrkleika og veikleika í fjarkennslunni og skoðanir nemenda á einstökum atriðum fjarnáms. Ef rétt er á haldið getur það orðið grundvöllur að þróunarstarfi sem nauðsynlegt er til að skólinn verði áfram í fararbroddi í fjarkennslu á framhaldsskólastigi.

---

Reykjavík 19. nóvember 2021

Jóna Guðmundsdóttir, gæðastjóri

Viðauki - Svör nemenda við opnum spurningum.

Hvað finnst þér best við áfangann?

- Fyrir mig sem eldri byrjanda þá er þetta ekki of krefjandi.
- I think that there is a very good amount of assignments
- Veit ekki, bara að fá að læra ensku
- Mér finnst hann vel skipulagður og ég er aldrei hrædd um að missa af neinu.
- Skemmtilegu umræðuefnin
- Það er nægur tími gefinn til að læra fyrir próf og verkefni.
- Kannski get ég fengið hann metinn þegar ég fer í menntaskóla
- Nægur vinnutími fyrir verkefnin, og góður tími gefin fyrir lestur á bókum.
- Finnst verkefnin skemmtileg
- Námsefnið
- Rólegt
- Independent study time.
- Bækur sem við erum að lesa.
- Hversu auðvelt og aðgengilegt það er að taka próf á netinu.
- Discussions
- Þægilegur og gott skipulag
- Allt
- Kaflapróf
- Uppstillingin
- Skipulagið
- Discussions
- Fjölbreytt og ég læri mikið
- The discussion
- Að ég get ráðið hvenær ég læri og þarf bara að gera það fyrir einhvern ákveðinn dag
- Að það séu frekar mörg lítil próf frekar en eitt stórt
- Gott skipulag og góð efni til að læra betri ensku.
- Hvað allt er skýrt
- Þetta er fjölbreytt en þetta er alltof mikið af verkefnum í einu, sem að eru öll eiginlega alveg eins.
- Hann er í fjarnámi
- Skemmtileg námsáætlun og skemmtilegir nemendur.
- Ég get gert námsefnið þar sem ég vil
- It's easy to understand and very organized.
- Að fá að lesa
- Létt (oftast) og skemmtilegt efni
- Þetta er mjög þægilegur áfangi

- Hefur alltaf fundist enska auðveld að skilja, skrifa og lesa svo það er þægilegt að hafa afanga sem mer lyður þægilega í
- Það sem mér finnst best er bara skipulagið.
- Skemmtilegt námsefni
- Skipulagið er gott og ég veit alltaf hvað á að gera
- Its so organised and easy if you put your mind to it
- Verkefnin
- Þægilegt að fara eftir áætlun þegar maður veit hvað maður er að fara að gera nokkrar vikur fram í tímann.
- Frelsið
- Svólítið erfitt fyrir fyrsta skiptið og ekki vera skipulögð en já já alveg skemmtileg
- Að áætlunin er sett fyrir fram svo að ef ég vil halda aðeins meira áfram í náminu þá get ég það.
- 50%lokaþorfi
- Þægilegt að vinna með
- Að allt er gert í gegnum tölvur
- Mér finnst hann vera fínn, það mætti skipuleggja það betur.
- Það er ekki of mikið námsefni þannig að manni verði ofviða og orkulaus. Ég og margir sem ég þekki eru með adhd og það er mjög erfitt að þurfa að einbeita sér að miklu efni í einu og erfitt að þurfa að leggja á minnið endalausar bækur og karaktera. Það hjálpar líka að áfanginn er vel skipulagður,....
- Skýr uppsetning á honum
- Áfanginn er vel skipulagður, staðið er við námsáætlunina og dagsetningar á verkefnum og prófum.
- Mér finnst gaman að geta haldið áfram að vera á undan í ensku og fá krefjandi og skemmtileg verkefni
- Það sem mér finnst best við áfangann er það að ég get gert verkefnin á mínum hraða
- Lesa, lesa, lesa.....
- Bara mjög vel upp settur áfangi og flottur kennari
- Hvað hann er skýr
- Kennarinn er skilvirkur og skýr
- Að það sé vel skipulagt
- Hvað hver viku áætlun er vel skipulögð og létt að skilja
- Mér líka lestrarverkefnin og skýra áætlunin.
- Áfanginn er alveg vel skipulagður.
- Skipulagður
- Fjarnámið
- I really like how organised it is
- Kennarinn er mjög fljótur að svara fyrirspurnum

- Clear instructions
- Allt nema munnleg verkefni
- Skipulagið
- Reading the book
- Áhugaverðar bækur og leikrit
- I like how organised it is and its easier to control how much you study every week
- Mér finnst best hvað það er þægilegt að sjá áætlanir og þetta er skýrt sett fram.
- Að geta gert þetta á mínum tíma og þarf ekki að mæta
- Að ég er á undan mörgum í ensku og þetta er ekkert það erfitt
- Hvað allt er vel skipulagt og kennarinn er góður
- Mér finnst best við áfangann hvað allt er vel skipulagt.
- Mér finnst gott skipulag
- Mér finnst ekkert best hann er bara ágætur
- Mér finnst vera skemmtileg verkefni
- Mér finnst fínt að geta klárað þennan menntaskóla áfanga í grunnskóla
- Sjá kennsluáætlunina fyrir alla önnina.
- Vel skipulagður og kennarinn er fljótur að svara fyrirspurnum.
- Skipulagður og skemmtileg verkefni

### Hvað finnst þér að betur mætti fara í áfanganum?

- Það mæti hafa nýrri vinnubók
- Erfitt
- Ekkert með sérstaka skoðun á því
- Er ánægð með það eins og það er
- There is often conflicting data on when discussions are due
- Skiladagar á discussion eru mjög óskýrir
- Mér finnst Moodle vera mjög flókið og frekar óskipulagt
- Skipulagið er flókið
- Allt í góðu
- Advertising the dates for the short essays after each chapter
- Raða honum aðeins betur upp. Hafa allt um eina bók á sama stað og allar discussion á sama stað
- Ég væri til í lengri tíma til þess að lesa bækurnar. Þær eru um 3-400bls og erfitt að ná að klára með vinnu og skóla
- Lengri tíma fyrir prófunum
- Gefa okkur lengri tíma til þess að lesa bækurnar
- Þetta er flott
- Lengri tíma í prófum
- Gefa einkunn á verkefnum fyrr til baka

- Meira af skilaverkefnum
- Minna efni
- Kannski að gefa athugasemdir við ritanirnar okkar
- I think it is really confusing and the teacher needs to plan it better
- Skipuleggja hann betur
- Allt er æðislegt!
- Kannski leiðir á útskýringum fyrir hvern og einn kafla. Allavega hvernig á að breyta setningum.
- Það mætti stytta viku áætlunina um þínu
- Betri skilgreining a skilum til að halda fólki við efnið
- Ég er frekar ánægð með áfangann eins og hann er
- Það mætti gera það aðeins auðveldara að ná upplýsingum úr hvenær næsta prófið er eða hvenær á að skila verkefnum. Þetta er ekki beint Fa að kenna frekar moodle. Sem mér finnst ekki vera nógu skírt og gott app en það virkar alveg.
- Mér finnst persónulega vanta að allur bekkurinn myndi kannski hittast á Zoom eða slíkt til að tala saman um hvar þau eru stödd í bókinni sem við erum að lesa eða að kennarinn spyr okkur spurningar um bókina og framvegis
- Moodle er flókið að mínu mati
- Sem nemandi í fullri vinnu þá er eina sem mætti fara betur, að minni skoðun. Sé skipulagning á bókalestri. Persónulega á ég erfitt með að lesa margar bækur samstundis og er sem dæmi tekið í þessum áfanga og ÍSL ætlast til að maður lesi 2 bækur á sama tíma. Það reynist mjög erfitt og ef það væri hægt að hafa örlítið bil á milli væri það strax mun betra
- Það mætti vera betri dagsetningar fyrir sum próf
- Mér finnst t.d. að hlustunarverkefnin mættu vera aðgengilegri eins og í áfanganum á undan þessum.
- Að það væri látið vita þegar nýtt verkefni kemur
- Skipuleggja vikur eins og í íslenska áfanganum stendur alltaf 7-10 okt sem dæmi og undir því er það sem a að gera það
- Fljótari einkunnir og lengri tíma í próf
- Nothing, its really good
- Lengri tími á prófum
- Lengri tími á prófum
- Að kennarinn svari spurningum
- Veit ekki
- Meiri tíma á verkefnum
- Þetta er bara frábær áfangi. Ég er mjög ánægð og ég hef ekkert út á hann að setja.
- Finnst verkefnin vera út um allt á moodle ekki nógu skipulagt hvenær a að skila hverju i námsáætlun erfitt að skipuleggja sig. Landafræði áfanginn i

fjarnámi er mjög skipulagður hvað þetta varðar og auðveldar skipulag hjá fólki að geta skilað verkefnum á ákveðnum tímum þegar hver lota er búin. Það er oft það sem fólk sækist eftir sérstaklega fólk sem er með fjölskyldur og i vinnu!

- Kann ekki að hafa samband við kennara á moodle og mér finnst illa haldið utan um nemendur.
- Skipuleggja
- Dreifa vinnuálagi betur. Það er nánast ekkert liðið af áfanganum svo ég get ekki metið hann almennilega
- Allt mjög gott
- Það tók mig smá tíma að læra á moodle og skilja hvernig allt er sett upp en annars er allt flott
- Það sem mér finnst mega gera betur er að setja nákvæmari dagsetningar á hvenær er best að gera verkefnin (ekki skiladagur) þannig að maður dragist ekki aftur með nám
- Finnst yfir höfuð vera óreyða á uppsetningu gagna inni í Moodle. Orkufrekt að setja sig inn í mismunandi leiðir kennara á uppsetningu gagna og strúktúr í kerfinu.
- Það mætti vera meira af aukaverkefnum fyrir þá sem klára fyrirsett verkefni fljótt.
- Að við mættum velja bókinna.
- Við þurfum að lesa mjög mikið heima
- Sometimes I think we get too much work each week.
- Give the students a break sometimes and give a warning when a deadline of a discussion is soon
- Sleppa munnlegum verkefnum
- Að það ætti að vera lengri tími á prófum því ég náði ek að klára eitt
- Fleiri tilkynningar um það hvenær á að byrja á ýmsu eða ljúka við það
- How quick the teacher responds to messages
- Skipuleggja aðeins betur
- Nothing really, i like it a lot
- Skipulagið er dálítið út um allt og það tekur tíma að skilja áætlun.
- Að það komi fram hvaða verkefni maður er búinn með, stendur að ég sé ekki búin með neitt þrátt fyrir það að ég sé búin með það
- Fá að sjá einkunn fyrir hvert verkefni sem ég skila inn.
- Ég veit það ekki mér finnst þetta bara gott
- Ekkert sem ég veit um eða kannski lengri skilafrest en ekkert endilega
- Ég held að það þurfi ekki að betur bæta neitt.